

Svífðu litla, léttu blað ...

1·tbl., 4·árg. janúar 2015 · skóladeild Akureyrar



Að tileinka sér annað tungumál

Oft bíðum við kennarar óþreyjufullir eftir því að erlendir nemendur okkar nái að tileinka sér íslensku þannig að þeir eigi auðvelt með að taka þátt í félagslegum samskiptum og geti tileinkað sér bóklegt námsefni. Oft hefur máltileinkunarferlinu verið skipt í 5 kunnáttustig eða tímabil. Hver einstaklingur fer á eigin hraða í gegnum stigin og eykur smám saman við færni sína og kunnáttu í nýju máli. Stigin eru þannig:

Kunnáttustig máltileinkunarferlis	
Þögla tímabilið	Lítill skilningur - látbragð notað
Fyrstu skrefin	Aukinn skilningur og einföld orðasambönd
Grunnfærni	Skilningur eykst og notkun einfaldra setninga
Meðalfærni	Góður skilningur, fáar málvillur, samfellt mál
Góð færni	Reiprennandi tal, flókin hugtök og orðatiltæki

(Samuel Lefever og Inga Karlsdóttir)

Mörg okkar geta staðsett nemendur í huganum í þessi þrep. Hversu hratt hver og einn fer í gegnum þau er háð fjölmörgum þáttum sem skipta máli í ferlinu, t.d. aldri, umhverfi, hvatningu, viðhorfum og væntingum, námsfærni og einstaklingsmun.

Það er mikil áskorun fyrir nemendur að læra allt námsefni á máli sem þeir hafa ekki full tök á, þar sem um sérhæfð hugtök er að ræða í flestum námsgreinum. Þeir sem hafa dvalið stutt í nýju landi nota alla orku sína í tungumálið sjálft og eiga á hættu að missa af kunnáttu í ýmsum námsgreinum þar sem fæstir eiga kost á því að fá kennslu á sínu

móðurmáli. Þess vegna er mikilvægt að byrja sem fyrst á greinakennslu og reyna að laga hana að þörfum nemenda. Þá er nauðsynlegt að læra ný hugtök bæði á móðurmáli sínu og nýja málinu. Sem dæmi má nefna umræðu um fæðukeðjuna sem íslensk börn geta ekki útskýrt án þess að umræða hafi farið fram um það fyrirbæri. Erlend börn þurfa því að skilja hugtakið á móðurmáli sínu, jafnt og íslensku:

fæðukeðja: Łańcuch pokarmowy : Szereg organizmów uporządkowanych zgodnie z łączącymi je zależnościami pokarmowymi (zjadający i zjadani). (pólska)

Margir eru tilbúnir til að leggja hönd á plóg

Hér eru nokkur dæmi um gott starf þar sem lögð er áhersla á kennslu í móðurmáli og íslensku erlendra íbúa bæjarins, bæði barna og fullorðinna:

Íslenska	Móðurmál
Lionskonur með lestraraðstoð á Amtsbókasafninu	Pólski skólinn í Rósenborg, annan hvern laugardag.
Zontakonur með íslenskunámskeið fyrir konur í fæðingarorlofi í samvinnu við Símey.	Kennsla í kínversku, rætt um menningu o.fl. Einu sinni í mánuði.
Amtsbókasafnið: Lesum blöðin saman. Spjallhópur sem kemur saman vikulega.	Stefnt er að kennslu í tailensku fyrir grunnskólanemendur. Það er þó ekki komið alveg í höfn ennþá.
Mömmumorgnar í Rósenborg á föstudögum. Þar eru umræður um lífið og tilveruna, börn og skóla, á íslensku, ensku og fleiri tungumálum.	
Alþjóðlegt konukaffi. Konur hittast á mismunandi stöðum einu sinni í mánuði	
Sjálfbóðaliðakerfi. Erlendir íbúar geta haft samband við Alþjóðastofu sem reynir að útvega sjálfbóðaliða sem vilja hitta einstaklinga eða litla hópa til að ræða saman á íslensku, læra hver af öðrum um menningu og siði o.fl.	

Með bestu kveðjum, Helga